

- 20.2 Með mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara að hætti opinberra mála. Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt hafnalögum, nr. 69, 28. maí 1984, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtast til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi hafnarreglugerð fyrir Höfðakaupstað nr. 94, 1961 með síðari breytingum.

Samgönguráðuneytið, 29. september 1985.

Matthías Bjarnason.

Ólafur S. Valdimarsson.

3. október 1985

Nr. 384

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir sjálfseignarstofnunina Minjavernd, útgefin á venjulegan hátt að mandatum, af dómsmálaráðherra 3. október 1985.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir sjálfseignarstofnunina Minjavernd.

1. gr.

Nafn og heimili.

Nafn sjálfseignarstofnunarinnar er Minjavernd.
Heimili hennar og varnarþing er í Reykjavík.

2. gr.

Tilgangur.

Tilgangur sjálfseignarstofnunarinnar er að stuðla að varðveislu mannvirkja og mannvistarleifa hvarvetna á Íslandi, sem hafa menningarsögulegt gildi í víðtækasta skilningi. Í því skyni er sjálfseignarstofnuninni heimilt að kaupa og selja eignir, veita styrki eða lán og eiga samstarf við einstaklinga, félagasamtök, sveitarfélög og ríki eða stofnanir þess.

3. gr.

Stofnfé.

Sjálfseignarstofnunin tekur við öllum réttindum, samningum og eignum Torfusamtakanna, Reykjavík, þar á meðal réttindum samtakanna yfir lóðum á Bernhöftstorfu og mannvirkjum á þeim skv. samningi Torfusamtakanna við ríkissjóð dags. 20. nóvember 1979. Jafnframt tekur sjálfseignarstofnunin við öllum skyldum Torfusamtakanna vegna framangreindra eigna, svo og rekstri þeirra. Einnig yfirtekur stofnunin kaup- og sölusamninga að Vesturgötu 5, ásamt réttindum og skyldum sem þeim fylgja. Yfirtaka réttinda og skuldbindinga skal fara fram hinn 10. apríl 1985 og eigi síðar en 10. maí skal liggja fyrir efnahagsreikningur sem sýni með nákvæmni öll framangreind réttindi og skuldbindingar, sem yfirtakan nær til. Skal efnahagsreikningur þessi gerður af löggiltum endurskoðanda Torfusamtakanna.

4. gr.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar.

Stjórn sjálfseignarstofnunarinnar skal skipuð fimm mönnum og varamönnum þeirra. Skulu þeir tilnefndir til þriggja ára í senn.

Stofnendur tilnefna í stjórn þannig. Stjórn Torfusamtakanna tilnefnir tvo menn í stjórn og varamenn þeirra. Fjármálaráðherra tilnefnir tvo menn og varamenn þeirra og Þjóðminjasafn Íslands tilnefnir einn mann í stjórn og varamann hans.

Stjórnin velur sér sjálf formann og varaformann.

Stjórnin skal vinna að markmiðum sjálfseignarstofnunarinnar og sjá um að rekstur hennar sé í samræmi við markmiðin.

Stjórninni er heimilt að ráða sjálfseignarstofnuninni framkvæmdastjóra og veita honum fullt prókúruumboð.

Stjórnin skal láta gera skýrslu árlega í apríl um verkefni og störf á síðasta almanaksári og um fyrirhuguð verkefni. Skýrslu þessa skal afhenda þeim sem tilnefna stjórnarmenn sjálfseignarstofnunarinnar, svo og öðrum, sem áhuga hafa.

Stjórninni er heimilt að skuldbinda stofnunina fjárhagslega og taka lán fyrir hennar hönd. Meirihluti atkvæða ræður úrslitum í stjórn stofnunarinnar, nema um veðsetningu fasteigna á Bernhöftstorfu sé að ræða. Til slíkra ráðstafana þarf samþykki allra stjórnarmanna á fullskipuðum stjórnarfundum auk samþykkis fjármálaráðuneytisins.

5. gr.

Reikningar og endurskoðun.

Reikningsár sjálfseignarstofnunarinnar er almanaksárið. Stjórnin ræður löggiltan endurskoðanda til að endurskoða ársreikninga og skal þeirri endurskoðun lokið í apríl ár hvert fyrir síðasta starfsár. Senda skal reikninginn áritaðan af stjórn og endurskoðanda til tilnefningaraðila stjórnarmanna svo og til Ríkisendurskoðunar. Ársreikningurinn skal birtur í B-deild Stjórnartíðinda.

6. gr.

Tekjur sjálfseignarstofnunarinnar eru leigutekjur af eignum í umráðum hennar og aðrar tekjur af starfsemi hennar, svo og framlög frá ríki eða stofnunum þess, sveitarfélögum, félagasamtökum og einstaklingum.

7. gr.

Að stofnun sjálfseignarstofnunarinnar lokinni hefur stjórn Torfusamtakanna rétt til afnota af núverandi skrifstofuhúsnæði og áhöldum án endurgjalds.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður því aðeins breytt að allir þeir, sem tilnefna menn í stjórn séu sammála um breytinguna.

9. gr.

Sjálfseignarstofnun þessi verður ekki lögð niður nema með samþykki allra tilnefningaraðila. Verði svo skulu eigur hennar renna til Þjóðminjasafns Íslands.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.